

Nd.

210. Breytingartillaga

við frv. til laga um sparisjóði. (þgskj. 181).

Flutningsm.: Guðm. Hannesson, Sveinn Björnsson, Sig. Gunnarsson,
Matth. Ólafsson og M. J. Kristjánsson.

1. Við 9. gr. orðin: »en skuldbindandi . . . af bókará« falli burt.
2. Á eftir 20. gr. komi ný grein og greinatalan breytist eftir því:

21. gr.

Stjórnarráðið hefir eftirlit með sparisjóðum og starfsemi þeirra. Það lætur svo fljótt sem unt er bankavanan mann athuga nákvæmlega allan hag, starfsemi og fyrirkomulag sparisjóða í landinu og leiðbeina eftir þörfum í öllu því, er lög þessi krefjast um starfsemi og skipulag sparisjóða. Að loknu eftirliti gefur hann stjórnarráðinu nákvæma skýrslu um allan hag og ástand sjóðanna.

Samskonar eftirlit getur stjórnarráðið haft með nokkrum sparisjóðum á ári hverju, og skal þá einkum taka tillit til stærstu sparisjóðanna.

Eftirlitsmaður getur krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sparisjóða, allan hag þeirra og fyrirkomulag. Skylt er stjórnendum og starfsmönnum sparisjóða að láta stjórnarráðinu í tje allar skýrslur um rekstur sparisjóða og allan hag þeirra, er nauðsyn þykir að krefjast, og getur stjórnarráðið látið heita dagsektum alt að 5 kr. á dag, ef óhlýðnast er. Sektir skal ákveða með brjefi til blutaðeiganda. Sektarfjeð rennur í landssjóð og má taka það lögtaki, ef það ekki er greitt í gjalddaga.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef handa eftirlitsmanni.

Í fjárlögum skal veita hæfilega upphæð til eftirlits með sparisjóðum.